



# Kórafréttir

Leikskólinn Kór

4 tölubíð

Mai 2008



Þróunar verkefnið "Fuglaveröld" sem elstu börnin tóku þátt í.

## Sumardagsskrá

### Opið hús

Á Kópavogsdögum þann 9. maí verður opið hús á leikskólanum. e.h. frá Kl.14:00-16.00.

Börn fædd 2003 og 2004 fara á leiksýningu "Óskin" í boði Kópavogsbæjar á Leikskólanum Baugi kl.9:00.

Elstu börnin fædd 2002 verða með sýninguna "Fuglaveröldin" í Hörðuvallaskóla Kl.14:00.

Í leikskólanum verður hver lundur með uppákomu fyrir foreldra yngri lundir (gulilundur) verða með sýningu kl.14.30 hver á sínum lundi og eldri lundur (bláulundur) verða með sýningu, Vinarlundur kl.14:50, Gleðilundur kl. 15:05 og Friðarlundur kl. 15:20. Einnig verður myndlistasýning og myndbandsýning frá vetrarstarfi barnanna.

### Leiksýning

Á Kópavogsdögum, sem haldnir verða 3-9. maí nk. býður lista- og menningaráð upp á leiksýninguna Óskin.

Sýningin er ætluð börnum fæddum 2003-2004.

Sýningin verður á Baugi 9. maí kl.9:00 og verður Leikskólinn Baugur með okkur á sýningunni.

### Vatnaskógur

Útskriftaferð elstu barnanna verður fimmtudaginn 15. maí og fara þau í Vatnaskóg. Við erum í hóp með öðrum leikskóla úr Hafnarfirði sem heitir Tjarnarás.

Farið verður frá leikskólanum kl.9:30 og komið til baka kl.17:00 ferðin er einungis fyrir börn í fylgd með 4 kennurum þeim Ásu, Hönnu Sóley, Alexander og Tinna Rós.

Ferðin kostar 4200kr. á barn en leikskólinn niðurgreiðir 1000 þ.a. foreldrar greiða

### Útskrift

Útskrift verður 22. maí kl.14.30 hjá börnum sem fædd eru 2002.

Börnin sjá um uppákomu fyrir foreldra sína og fá síðan afhent útskriftaskjal og möppu með verkum sínum til eignar. Boðið verður upp veitingar.

## Umferðaskólinn

Þann 19.maí verður umferðaskóli hjá tveimur elstu árgöngunum 2002-2003.

Við verðum með Leikskólanum Baugi og fer umferðaskólinn fram í salnum hjá okkur kl.14.30.

## Afmæli leikskólans

Leikskólinn á 2. ára afmæli 1. júní og af gefnu tilefni verður afmælisveisla 30.maí fyrir börn og starfsfólk.

Íþróttadagurinn verður síðan 2.júní ef veður leyfir. .Allir koma í íþróttafötum þennan dag og verður íþróttastöðvar á útisvæði.

## Hjóladaður

Hjóladaður verður 10.júní. Allir mega koma með hjólin sín í leikskólann og við munum hjóla eingöngu á leiksvæðinu í hópum. Allir eiga að muna eftir hjálmunum sínum. Enginn ábyrgð er tekin á hjólum eða hjálmum.

## Sumar hátíð

Sumar hátíð leikskólans verður í júní. Leikskólinn Baugur verður með okkur á hátíðinni og verður dagskrá og dagsetning auglýst síðar.

## Skilvísir foreldrar

Dregið var út um skilvísa foreldra sem fengu einn mánuð frían á árinu þeir eru:

## Foreldrafélagið

Fréttir frá foreldrafélaginu

Þá er loksins að koma sumar eftir viðburðaríkan vetur. Foreldrafélagið er búið að standa í ýmsu til að styðja við gott starf á Kór með því að lífga aðeins upp á skammdegið. Þar ber fyrst að nefna jólaballið þar sem foreldrafélagið fékk jólasvein til að koma í heimsókn, og lagði einnig til jólagjafir handa hverju barni. Jafnframt gaf foreldrafélagið leikskólanum stafræna myndavél, og er vonast til þess að afrakstur þess sjáist á vefsíðu skólans fljótlega. Foreldrafélagið stóð svo fyrir hestaheimsókn í febrúar þar sem þau börn sem vildu fengu tækifæri til að klappa og fara á hestbak. Í byrjun apríl fengum við svo leiksýninguna Einar Áskell til að heimsækja börnin á Kór, þar sem haldin var sér sýning fyrir yngri og eldri börnin.

Með vorinu skapast ný tækifæri, og foreldrafélagið mun standa fyrir uppákomum bæði í maí og júní. Fyrst stendur til að fara í fjölskylduferð í [Húsdýragarðinn þann 24. maí \(10-13\)](#) þar sem við munum fá sér leiðsögn frá starfsfólki Húsdýragarðsins með grilluðum pylsum á eftir í boði foreldrafélagsins. Svo munum við halda [sumarhátíð þann 13. júní 15-17](#) á leikskólalóðinni, þar sem við verðum með grill, hoppukastala, og skemmtiatriði.

Við munum sjá til þess að dagskrár og frekari upplýsingar um fjölskylduferðina og sumarhátíð foreldrafélagsins verði hengdar upp sem fyrst við hverja deild. Við viljum einnig minna á seinni hluta árgjaldsins, en gíróseðlar verða sendir út núna í maí.

Með sumarkveðju,

Stjórn foreldrafélags leikskólans Kórs.

## Heimasíða/námskrá.

Nú er heimasíða í fullri vinnslu og það er alltaf verið að bæta við hana. Það hafa að sjálfsögðu verið nokkrir hnökrar í gangi en þetta er allt að koma og við alltaf að bæta meiru og meiru inn á síðuna.

Námskráin er í vinnslu og áætluð við að klára hana fyrir haustið.

Í haust ætlum við að sækja um viðurkenningu sem "Heilsuleikskóli".

Áherslu þættir heilsuleikskólans er hreyfing, listir, næring og skráning í heilsubók barnsins. Við erum búin að ná öllum þessum þáttum og þegar námskráin er tilbúin er síðasta viðmiðinu náð.

*Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu og þær upplýsingar sem starfsmaður fær um barnið eru trúnaðarmál. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.*

## Starfsfólk Leikskólans sumaráætlun

Leikskólastjóri Bjarney Kr. Hlöðversdóttir  
Aðstoðarleikskólastjóri Ragnheiður Gunnarsdóttir

### Friðarlundur

Deildastjóri:

Sigrún Inga Reynisdóttir

Leiðbeinendur:

Tinna Margrét Ólafsdóttir  
Alexander Þór Þorsteinsson  
Herborg Eiríksdóttir

### Gleðilundur

Deildastjóri:

Hanna Sóley Helgadóttir

Leiðbeinendur:

Brynja Guðmundsdóttir  
Harpa Hödd Sigurðardóttir  
Anna Lilja Reynisdóttir

### Tryggðarlundur

Deildastjóri:

Ragnheiður Gunnarsdóttir

Leiðbeinendur:

Karen Gunnarsdóttir  
Anna Rósa Harðardóttir

### Fagstjórar

Gunnhildur Konráðsdóttir í hreyfingu

Þóra Sveinsdóttir í listum

Sérkennslustjóri

Auður Arna Antonsdóttir

### Eldhús

Guðfinnur Friðjónsson matráður

Júlíana S. Sigurlaugsdóttir út maí

Astrid Guðfinnsdóttir

### Vinalundur

Deildastjóri:

Ásgerður Helga Guðmundsdóttir (Ása)

Leiðbeinendur:

Tinna Rós Pálsdóttir  
Gunnar Geir Gunnlaugsson

### Gæðalundur

Deildastjóri:

Hjörtur Harðarsson

Leiðbeinendur:

Eva Kristjánsdóttir  
Lína Garbaláuskaile

### Kærleikslundur

Deildastjóri:

ngibjörg Sigurðardóttir

Leiðbeinendur:

Palma Rasmussen  
Steinunn Gerður Kristjánsdóttir

### Afleysing

Lind Freyjudóttir leikskólakennari

Dagmar Þórdísardóttir leikskólakennari

Guðrún Sif Pétursdóttir

S. Berglind Andrésdóttir